

Reglur um úthlutun úr sérverkefnasjóði leikskóla.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að stofna miðlægan sjóð til að standa straum að launakostnaði vegna sérverkefna í leikskólum bæjarins. Fjárveiting er hverju sinni samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun.

Úthlutað er til verkefna sem falla undir markmið leikskólastarfs og uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla samþykktari aðalnámskrá samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Verkefnin skulu hverju sinni vera stefnumótandi sérverkefni í leikskólum í samræmi við skólanámskrá og starfsáætlun..

Miða er við að úthlutað sé til tímabundinna verkefna og að hámarki í 8 mánuði.

Við ákvörðun launafjárhæða skal taka mið af TV einingum samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Í lok tímabils skal skila skýrslu um verkefnin og skal þeirra getið í ársskýrslum viðkomandi leikskóla.

Umsóknir eru á sérstöku rafrænu eyðublaði fyrir sérverkefnasjóðinn sjá slóð ,"". Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu.

Eingöngu leikskólastjórar geta sótt um.

Þegar rafræn umsókn hefur borist er hún tekin til afgreiðslu af leikskólafulltrúa og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.

Hámarksfjárveitingar til hvers leikskóla eru ákvarðaðar miðað við áætlaðan fjölda stöðugilda hvers rekstrarárs. Úthlutunarfjárhæð miðast við fullsetinn leikskóla.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi leikskólanefndar xx.xx.2022 og á fundi bæjarráðs xx.xx.2022.